



Trú • Fjölskylda • Liðveisla

Ábyrgð okkar á musteris- og ættfræðistarfi

Lærið efnið og ræðið það við systurnar sem þið heimsækið, eins og við á. Nýtið spurningarnar ykkur til hjálpar við að styrkja systurnar og gera Líknarfélagið að virkum þætti í lífi ykkar.

Á liðnum öldum hafa margir dáið án þess að þekkja fagnaðarerindið. Sumir þeirra eru ættmenni sem stand ykkur nær og fjær. Þau bíða þess að þið gerið það sem nauðsynlegt er til að tengja fjölskyldur saman og framkvæma endurleypsandi helgiathafnir í þeirra þágu.

Starf flestra mustera heimsins er ekki nægilegt. Drottinn hefur gefið fyrirheit um að hjörtu ykkar muni snúa til feðranna, svo að jörðin verði ekki lostin banni við komu hans (sjá K&S 2:2–3).

Þið hljótið persónulegar blessanir þegar þið takið þátt í musteris- og ættfræðistarfi. Ein þeirra blessana er gleðin sem þið finnið við að þjóna áum ykkar. Önnur blessun er að þið getið gert ykkur hæf til að hljóta musterismeðmæli, sem gefa til kynna verðugleika ykkar frammi fyrir Drottni. Þau ykkar sem ekki eru þegar verðug þeirra forréttinda að hafa musterismeðmæli, ættu að vinna að því með biskupi eða greinarforseta að verða fullgild eins fljótt og auðið er. Verið ekki án þessarar mikilvægu fullgildingar. Ég ber vitni um að friðþægingin er raunveruleg og að hægt er að hljóta fyrirgefningu syna með réttmætri iðrun.

Þegar við tökum þátt í musteris- og ættfræðistarfi erum við

örugg með að hafa andann til að hughreysta okkur í erfiðleikum okkar og veita okkur leiðsögn við mikilvægar ákvarðanir. Musteris- og ættfræðistarfi er hluti af því starfi okkar að veita líkn eða þjónustu í þágu eigin ættmenna.

Julie B. Beck, aðalforseti Líknarfélagsins.

Úr ritningunum

Mal 4:5–6; 1 Kor 15:29; 1 Pét 3:18–19; K&S 110:13–16; 128:24

Úr sögu okkar

„Spámaðurinn Joseph Smith sagði: „Mikilvægasta ábyrgðin sem Guð hefur lagt á herðar okkar í þessum heimi er að leita okkar dánú“ (*History of the Church*, 6:313). Allt frá upphafi hafa Líknarfélagssystur stutt við þetta dásamlega starf. Í Nauvoo árið 1842 leiddi sú þrá Sarah M. Kimball til að hjálpa verkamönnum musterisins til þess að hópur systra tók sig saman til að veita hnitmiðaðri þjónustu. Þegar þær tóku að starfa saman, skipulagði . . . spámaðurinn Líknarfélagið að fyrirmynd prestdæmisins. Frá þeim tíma lögðu Líknarfélagssystur sitt af mörkum við að flýta byggingu Nauvoo-musterisins. . . .

Árið 1855, átta árum eftir að hinir heilögu komu fyrst til Utah, var Hús musterisgjafa stofnað.

Eliza R. Snow, sem var meðlimir hins upprunalega Líknarfélags, og hafði séð um skýrsluhald félagsins, var kölluð af Brigham Young forseta árið 1866 til að verða aðalforseti Líknarfélagsins. Hún og fleiri systur störfuðu af trúmennsku í Húsi musterisgjafa. Síðar, er byggingu musteranna í St. George, Logan og Manti lauk, fóru þessar systur í hvert þeirra mustera til að framkvæma þar verk í þágu hinna dánú.¹

HEIMILDIR

1. Mary Ellen Smoot, „Family History: A Work of Love,“ *Ensign*, mars 1999, 15.

Hvað get ég gert?

1. Hvernig get ég hjálpað systur mínum að finna áa sína og framkvæma helgiathafnir musterisins í þeirra þágu? Íhugið aðstæður hvernar systur er þið veltið fyrir ykkur hvernig uppfylla má þarfir þeirra. Þið getið hugsað um það að ættfræðistarfi verður oft til að styrkja nýja, nýkomna og lítt virka meðlimi.
2. Hvenær hefur musteris- og ættfræðistarfi hughreyst mig í erfiðleikum eða veitt mér leiðsögn við mikilvægar ákvarðanir?

Frekari upplýsingar eru á www.reliefsociety.lds.org.